

Nd.

278. Frumvarp

til viðaukalaga við lög um bann gegn botnvörpuveiðum 6. apríl 1898 og við lög 31. júlí 1907 um breytingu á lögum 27. sept. 1901 um fiskiveiðar hlutfjelaga í landhelgi við Ísland og á tilskipun 12. febrúar 1872 um fiskiveiðar útlendra við Ísland.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

Ef maður, sem ekki hefir sjerstaklega verið falin landhelgisgæsla, kemur upp landhelgisbroti af hálfu útlends fiskiskips eða innlends botnvörpuskips, og færir sönnur á brotið, ber honum $\frac{1}{10}$ hluti af sekt þeirri, er hinum brotlega er gert að greiða, svo og af andvirði fyrir upptæka muni.